


AUGLÝSING

um friðland í Vatnsfirði.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa þann hluta Vatnsfjarðar, sem tilgreindur er hér á eftir, og með þeim mörkum og reglum sem hér segir:

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Með Þverá og síðan Mikladalsá frá ósi að upptökum. (2) Þaðan beina stefnu í hátind Klakks. (3) Eftir það landamerki Brjánslækjar á sýslumörkum að vestan og norðan, og til austurs eins langt og lönd Brjánslækjar og Uppsala ná allt til



móts við brúnir Fossárfjalls ofan Uppsaladals. (4) Að fjallsbrún liggja mörkin með klettavegg þeim sem er skammt austan við klettinn Hörg, svo langt sem hann nær, og þaðan skemmstu leið til sjávar. Eyjar og hólmar á Vatnsfirði eru háðir ákvæðum friðlýsingarinnar.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Almennungi er heimil för um svæðið og dvöl á því, í lögmætum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt. Umferð um eyjar og hólma er háð leyfi. Stefnt skal að því að merkja leiðir fyrir gangandi og riðandi ferðamenn.
3. Akstur utan vega og merktra slóða er óheimill án leyfis.
4. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu.
5. Berjatínsla, önnur en til neyslu á staðnum, svo og veiði á fugli og fiski er óheimil án leyfis.
6. Beit búfjár sem og aðrar hefðbundnar nytjar haldast svo sem verið hefur. Þó er heimilt að takmarka beit á einstökum svæðum, ef nauðsyn þykir til þess bera, svo sem vegna skógverndar, í samráði við ábúendur og leigjendur.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 25. mars 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

24. mars 1975.

Nr. 97.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Mosfellshrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Mosfellshrepps selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellssveit og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellshrepps.

2. gr.

Hitaveita Mosfellshrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.